

Leiðbeiningar vegna umsóknar í

Umhverfissjóð sjókvíaeldis

Rannsóknaverkefni

- Ekki verður gefinn kostur á því að verkefnastjórar mæti fyrir þá sem meta umsóknir til að útskýra verkefnið nánar.
- Umsóknin verður eingöngu metin á grundvelli þeirra gagna sem skilað verða innan tilskilins umsóknarfrests.
- Hljóti verkefni styrk er gengið frá samningi við styrkþega og í kjölfarið 65% af styrkuppþæðinni greidd út. Eftirstöðvar eru greiddar þegar verkefnið hefur verið unnið að fullu og lokaskýrsla um verkefnið liggur fyrir.

Umsókn þarf að fylgja vönduð verk- og tímaáætlun auk fjárhagsáætlunar í viðhengi.

1. Verk- og tímaáætlun

Mikilvægt er að skipta verkefninu í verkþætti þar sem gerð er grein fyrir þátttöku allra umsækjenda í hverjum verkþætti fyrir sig.

Taflan fyrir neðan sýnir hvernig þátttöku samstarfsaðila er hagað fyrir hvern verkþátt. Til að auðveldara sé að meta verkefnið og framvindu þess er lagt til að hver verkþáttur sé hafður á einni síðu og efst á síðunni sé tafla sambærilegri þeirri sem er hér fyrir aftan.

Verkþáttur 1 (nafn á verkþætti)					
Upphaf: (hvaða mánuður verkefnisins)*			Lok: (Hvaða mánuður verkefnisins)*		
Umsækjendur	Fyrirtæki 1	Fyrirtæki 2	Fyrirtæki 3	Fyrirtæki 4	Samtals

*Upphaf og lok - átt við nr. mánaðar í verkefninu t.d. mán. nr. 7 frá upphafi verkefnisins, það er ekki átt við mánuði ársins eins og t.d. júlí 2021.

Undir töflunni hér fyrir ofan þarf að gera grein fyrir verkþættinum, þ.e.

- Markmið verkþáttar.
- Lýsing á verkþætti og undirverkþáttum, hvað á að gera og hvernig.
- Stjórnun: Hver ber ábyrgð á verkþættinum og hver á að gera hvað.
- Kostnaður: Aðföng og áætluð tímanotkun.
- Væntanlegur afrakstur verkþáttarins.
- Munið að gera grein fyrir verkþætti sem tekur á kynningu, eða birtingu niðurstaðna, hvað á að birta, hvar og hvenær. Umhverfissjóður sjókvíaeldis gerir kröfu um að öll verkefni skili niðurstöðum sem má birta opinberlega, sjá nánar í samningi.

